

# Listum borgið næstu áratuginna


– sagði Halldóra Jónsdóttir þegar Listahátíð unga fólksins var sett á Kjarvalsstöðum

Listahátíð unga fólksins var sett með pompí og prakt að Kjarvalsstöðum á laugardag að viðstöddum Davíð Oddssyni borgarstjóra og fleiri gestum. Blásarasveit Sinfóníuhljómsveitar æskunnar lék undir stjórn Odds Björnssonar. Halldóra Jónsdóttir fulltrúi unga fólksins flutti ávarp og félagar frá Dansnýjungu Kollu sýndu dans.


Á sýningunni sem stendur í viku eru 173 listaverk eftir ungt fólk á aldrinum 14-24 ára. Kennir þar margra grasa; olíumálverk, glerlista-

verk, akrýlmyndir, pastelmyndir, grafíkmyndir, skúlptúr og fleira. Einnig verða sýnd myndbönd, haldnir verða rokkónleikar í Tónabæ og margt fleira verður á dagskrá sem nánar verður auglýst síðar. „Þegar þið gangið um sýninguna,“ sagði Halldóra Jónsdóttir í ávarpi sínu, „munið þið sannfærast um að listum landsins er borgið næstu áratuginna.“

Sýningin verður opin alla vikuna frá kl. 14-22. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis. **Mrún.**



Félagar úr Dansnýjungu Kollu sýna dans á setningarathöfn Listahátíðar unga fólksins sem hófst s.l. laugardag. Tímamynd: Arni Bjarna.



## Borgarstjórnarkosningar 1986

Borgar- og sveitarstjórnarkosningar fara fram á komandi vori, líklega í lok maí. Aðdragandi að slíkum kosningum einkennist yfirleitt af miklum vangaveltum vegna skipunar framboðslista og svo undirbúningi vegna sjálfrar kosningabaráttunnar. Af því tilefni var leitað til helstu stjórnmálaflokka og samtaka sem láta sig lands- og sveitarstjórnarmál varða og spurt um stöðu mála á hverjum bæ fyrir sig.

### Kosin uppstillingarnefnd

„Staðan hjá okkur í Reykjavík er þannig að fulltrúaráð framsóknarfélaga hafa haldið fund í síðustu viku í framhaldi af ákvörðun sem tekin var áður um að prófkjör yrði ekki haldið, heldur kosin uppstillingarnefnd. Stofnað verður til ný manna nefndar sem verður þannig mynduð að þessi þrjú félög hér í borginni tilnefna tvo fulltrúa hvert og síðan tilnefni fulltrúaráð þrjú til viðbótar,“ sagði Steinþór Þorsteinsson formaður

ur fulltrúaráðs framsóknarfélaga í Reykjavík.

Steinþór sagði að það væri stefnt að því að uppstillingarnefndin yrði fullskipuð fyrir lok þessarar viku. Að því loknu kæmi hún strax saman og hæfi undirbúning þeirra verka sem fyrir liggja. Engin sérstök tímatak-mörk eru á því hvenær nefndinni beri að hafa lokið störfum, en verkefni hennar mun m.a. felast í því að velja eftirmann Kristjáns Benediktssonar í fyrsta sæti framboðslistans því hann hefur lýst því yfir að hann muni ekki bjóða sig fram á ný.

Er uppstillingarnefndin hefur lokið störfum mun hefjast kynning frambjóðenda og kynnt verður afstaða flokksins til borgarmálefna. Haft verður samráð við þá sem í framboði verða um hvaða málefni borgarbúa þyki brýnust um þessar mundir og áhersluatriðum hagað í samræmi við það.

„Kjörnefndin er bundin af átta efstu sætum úr prófkjöri hér í

Reykjavík. Hún kemur til starfa aftur nú á fimmtudaginn og mun þá líklega ganga frá sínum málum. Listinn sem kemur úr því verður svo lagður fyrir fulltrúaráðið hér í Reykjavík og þar verður tekin endanleg ákvörðun um skipan framboðslistans. Sá fundur getur svo breytt listanum ef út í það er farið,“ sagði Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Gunnlaugur sagði ekki vita til þess að menn hygðust breyta skipan efstu sæta listans og hann hafði ekki heyrð þess getið að einhver þeirra sem hlaut mest fylgi í prófkjöri hefði boðist til að láta eftir sitt sæti, en óánægjuraddir hafa heyrst innan flokksins vegna þess hversu hlutdeild kvenna er lítil í efstu sætum framboðslistans.

Aðspurður um tilhögun kosningabaráttunnar sagði Gunnlaugur að í raun mætti segja að flokksmenn væru alltaf að undirbúa sig fyrir kosningaslag og því hefði ekki verið tiltekinn neinn ákveðinn dagur vegna undirbúnings fyrir vorið. Þó mætti vænta þess að farið yrði að huga að þeim málum þegar endanlega væri búið að ganga frá framboðslistanum.

### Forval um mánaðamótin

„Forvalið hjá Alþýðubandalaginu í Reykjavík verður 1. og 2. febrúar. Þar munu 22 frambjóðendur taka þátt. Kjörnefnd vinnur svo lista úr úrslitum forvalsins með tillögum um þau þrjátíu nöfn sem þar þurfa að vera og hún skilar því síðan til endanlegrar ákvörðunar félagsfundar,“ sagði Kristján Valdimarsson skrifstofustjóri Alþýðubandalagsins.

Kristján sagði að þess væri ekki að vænta að formleg kosningabaráttan hefjist fyrir en framboðslisti lægi

fyrir. Flokksfélagið í Reykjavík hefur ráðið starfsmann og kosningastjóra sem heitir Steinar Harðarson og mun hann annast skipulagningu starfsins í höfuðborginni.

### Framboðsfrestur lengdur

„Framboðsfrestur hefur verið lengdur til 21. janúar og að því loknu verður haldinn fundur í fulltrúaráðinu þar sem verður tekin ákvörðun um prófkjör,“ sagði Birgir Dýrfjörð á skrifstofu Alþýðuflokksins er hann var spurður um framboðsmál í

Reykjavík.

Að sögn Birgis hófst undirbúningur kosningabaráttunnar innan flokksins í haust. Þá hófu borgarmálahópar störf þar sem ákveðnum verkefnum var skipt niður á félag. Þá sagði Birgir að Alþýðuflokkurinn yrði sjötugur þann 16. mars og þá yrði mikið um fögnuð og fundahöld. Frá þeim tíma mætti gera ráð fyrir að kraftur færdist í kosningabaráttuna af hálfu Alþýðuflokksmanna.

„Við erum ekki farnar að huga að skipan framboðslista hér í Reykjavík, en kosningaundirbúningur er hafinn hjá okkur. Við eigum því líkt úrval af konum í borginni að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af listamálum fyrr en alveg undir lokin,“ sagði Guðrún Jónsdóttir starfsmaður Kvennaframbóðsins.

Guðrún sagði að enn hefði ekki verið rætt hverskonar aðferð verður notuð til að velja frambjóðendur né heldur hverjir kunni að veljast til framboðs. Að öðru leyti væru hjólin farin að snúast hvað varðar almennan undirbúning, nokkrir fundir hefðu verið haldnir og fleiri fyrirhugaðir á næstunni. Guðrún bætti því við að það yrði farið fram af fullum krafti með sömu hugmyndafræði og áður „því að við höfum ekki enn breytt þjóðfélaginu eins og við viljum.“

Í samtali við Tímann sagði Guðmundur Einarsson formaður BJ að ekki yrði um formlegt framboð samtakanna að ræða í Reykjavík vegna borgarstjórnarkosninganna. Hann ítrekaði þó þá skoðun sína að ef einstakir stuðningsmenn BJ hefðu áhuga á því að hreyfa þeim málum í borginni, þá væri slíkt í fyllsta samræmi við þær yfirlýsingar sem hefðu verið gefnar af forystumönnum BJ síðastliðið sumar. **SS**

### VEIÐIHORNIÐ

Eggert Skúlason:

## Verð á veiðileyfum

Stangaveiðifélag Reykjavíkur hefur sent frá sér verðskrá fyrir komandi veiðitímabil. Þróun á einstökum veiðileyfum er á hina ýmsu vegu. Í Elliða-ánum hækkar verð fyrir hálfan dag um 70 prósent, eða í krónur 2700. Annarsstaðar eru hækkar óverulegar, og sumstaðar engar, eins og í Brynjudalsá.

Listinn lítur svona út:

Elliðaár	2700 krónur fyrir hálfan dag.
Leirvogsa	9800 krónur á dýrasta tíma
Brynjudalsá	4300 krónur á dýrasta tíma
Langá	7900 krónur á dýrasta tíma
Gljúfurá	7400 krónur á dýrasta tíma
Miða í Döllum	5900 krónur á dýrasta tíma
Norðurá	18000 krónur á dýrasta tíma
Sogið, Alviðra	4900 krónur á dýrasta tíma
Sogið, Bildsfell	5200 krónur á dýrasta tíma
Sogið, Ásgarður	6400 krónur á dýrasta tíma
Sogið, Syðri Brú	4500 krónur allan tímann
Ölfusá-Laugarbakkar	1800 krónur á dýrasta tíma
Hvítá-Snæfoksstaðir	3900 krónur á dýrasta tíma
Stóra Laxá í Hreppum	7000 krónur á dýrasta tíma
Breiðdalsá	2000 krónur á dýrasta tíma

Eflaust er að margir sakna Grímsár og Svartár á þessum lista. Svartá verður boðin út, og ekki ljóst enn hverjir verða með sölu á veiðileyfum þar. Grímsá verður að mestu leigið útlendingum í sumar, en Íslendingum gefst kostur á að bleyta þar í færi, bæði í byrjun og lok veiðitímans.

## Fræðslufundir fyrir bændur

Á vegum Búnaðarsambands Suðurlands verður efnt til fræðslufunda á búnaðarsambandsvæðinu síðari hluta janúarmánaðar. Verður þar m.a. rætt um tilraunamálín, fóduröflun, efnagreiningar og fleira.

Sagt verður frá uppbyggingu tilraunastöðvarinnar á Stóra Ármóti, og fyrirhuguðum framkvæmdum þar á þessu ári. Sýndar verða kvikmynd-

ir frá landbúnaðarsýningu á Selfossi 1958 og '78.

Fyrsti fundur verður á Kirkjubæjarklaustri föstudaginn 17. jan. kl. 14.00 og sama dag í Ketilsstaðaskóla í Myrdal kl. 21.00. Þriðjudaginn 21. jan. Hvoli á Hvolsvelli kl. 21.00 og síðustu fundir verða föstudaginn 22. janúar að Borg í Grímsnesi kl. 14.00 og sama dag í Þjórsárveri kl. 21.00.